

Sjálfbærni- og ársskýrsla

2023

Sjálfbærni- og ársskýrsla

Sjálfbærni- og ársskýrsla hefur verið gefin út frá árinu 2015 og í þeim má finna upplýsingar um árangur og framgang fyrirtækisins. Þar er meðal annars sagt frá mælanlegum umhverfismarkmiðum EFLU, verkefnum tengdum samfélagslegri ábyrgð, samfélagsuppgjör og birtar lykiltölur umhverfispáttá.



EFLA í hálfa öld

Við lifum sannarlega á tímum mikilla og hraðra breytinga. Tækninni fleygir hraðar fram en nokkru sinni fyrr, þar sem gervigreind vísar veginn með ótal möguleikum til aukinnar framleiðni og nýrra tækifæra. Á sama tíma vakna ótal spurningar um hvernig best sé að nýta þessa tækni og um leið hvort, og þá hvernig, sé hægt að koma í veg fyrir að hún sé notuð í annarlegum og jafnvel ólöglegum tilgangi. Mannskepnunni virðist ómögulegt að lifa saman í sátt og samlinði og ófriðarbál loga nú víðar á jarðarkúlunni en undanfarna áratugi. Á sama tíma stendur mannkynið frammi fyrir því að leysa stærstu áskorun sem það hefur mætt til þessa, að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þar með úr hlýnun andrúmslofts með öllum þeim slæmu afleiðingum sem það skapar. Á Íslandi höfum við síðan rækilega verið minnt á það undanfarið ár að náttúruöflin geta verið bæði óblið og óútreiknanleg.

Það gæti verið auðvelt að missa móðinn eftir upptalninguna hér á undan. En þegar hættur stöðja að, hvort sem þær eru af manna eða náttúrunnar völdum, leysast oftast en ekki úr læðingi bestu kostir manneskjunnar. Þá verða til nýjar hugmyndir og lausnir sem enginn sá fyrir í hversdagsleika liðinna daga. Gott dæmi um þetta eru jarðhræringar og eldsumbrot á Reykjanesi á árinu 2023. Þrátt fyrir sífellt breyttar forsendur og nýjar áskoranir hafa ótrúlegustu vandamál verið leyst á met tíma. Með samstilltu átaki margra, hugmyndaauðgi og áræðni hafa orðið til lausnir sem vekja aðdáun langt út fyrir landsteinana.

Það er einmitt þessi samtakamáttur, hugmyndaauðgi og áræðni sem einnig þarf að virkja þegar ekki ríkir beint neyðarástand. Ísland er í kjörstöðu til að verða fyrst landa í heimi óháð jarðefnaeldsneyti, enda er markmið stjórnvalda að ná því fyrir árið 2040. Þangað til eru einungis sextán ár og því er kominn tími á hraðar og áræðnar ákvarðanatökur í orkumálum, sem þarf svo að fylgja eftir með fjárfestingum og framkvæmdum. Við megum einfaldlega engan tíma missa, 2040 er bara handan við hornið.

„Með samstilltu átaki margra, hugmyndaauðgi og áræðni hafa orðið til lausnir sem vekja aðdáun langt út fyrir landsteinana.“

Á árinu 2023 fagnaði EFLA hálfrar aldar afmæli. Fyrirtækið hefur ávallt lagt mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð og leggur sitt lóð á vogarskálarnar til að efla samfélög og leysa brýnustu verkefni þeirra á hverjum tíma. Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað í áranna rás og í dag eru starfsmennirnir um 500 talsins í sex þjóðlöndum. Það var því við hæfi að halda upp á 50 ára afmælið með því að stefna saman öllum starfsmönnum samstæðunnar og mökum þeirra. Það var mögnuð stund þegar hópurinn hittist í fyrsta sinn allur saman, ein EFLA. Krafturinn og gleðin voru hreinlega áþreifanleg.

Sæmundur Sæmundsson

framkvæmdastjóri EFLU

Rekstur

Fjárhagsyfirlit samstæðu 2021—2023 í þús. kr.

Rekstur	2023	2022	2021
Rekstrartekjur	11.013.708	8.988.156	7.208.131
Hagnaður f. skatta	1.509.412	1.053.459	445.124
Hagnaður ársins	1.223.755	852.908	349.073

Efnahagsreikningur	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir	368.188	380.672	288.440
Veltufjármunir	4.172.883	3.416.030	2.458.769
Eignir	4.541.071	3.796.702	2.747.209

Eigið fé og skuldir

Eigið fé meirihlutaeigenda	2.205.198	1.912.661	1.308.840
Hlutdeild minnihluta	5.273	3.507	0
Eigið fé	2.210.471	1.916.168	1.308.840
Skuldir	2.330.600	1.880.534	1.438.369
Eigið fé og skuldir	4.541.071	3.796.702	2.747.209

Kennitölur	2023	2022	2021
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	1.512.359	1.048.396	453.118
Veltufjárhlutfall	1,8	1,83	1,71
Eiginfjárhlutfall	45,56%	50,38%	47,64%
Hreint veltufé frá rekstri	1.392.768	1.003.286	423.865



„Hlutverk EFLU er að koma með lausnir sem stuðla að framförum hjá viðskiptavinum og efla samfélög.“

Hlutverk

EFLA er þekkingarfyrirtæki með 50 ára sögu sem veitir fjölbreytta þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði, tækni og tengdra greina. Hlutverk EFLU er að koma með lausnir sem stuðla að framförum hjá viðskiptavinum og efla samfélög. Því er samfélagsleg ábyrgð samofin tilgangi fyrirtækisins.

EFLA heldur í heiðri vistvæna áherslu og sjálfbærni í viðfangsefnum sínum og ber virðingu fyrir samfélagi og umhverfi. Metnaður starfsfólks liggur m.a. í að veita viðskiptavinum og samstarfsaðilum framúrskarandi þjónustu og afburða ráðgjöf. Starfsumhverfið er krefjandi þar sem ríkar kröfur eru gerðar til þróunar á nýjum aðferðum og lausnum og gegnir nýsköpun því mikilvægu hlutverki í starfseminni. EFLA heldur úti starfsstöðvum um allt land auk þess að hafa byggt upp starfsemi erlendis og náð þar fótfestu. EFLA á dóttur- og hlutdeildarfélög í fimm löndum, en auk Íslands skilgreinir fyrirtækið Noreg sem sinn heimamarkað.

Traustur rekstur er lykilatriði í starfseminni og samkvæmt ársreikningi EFLU 2023 námu rekstrartekjur fyrirtækisins, ásamt dótturfélögum, rúmlega 11 milljörðum króna og þar af voru tekjur erlendu dótturfélaganna um 15% af veltu. EFLA er hlutfélag og eru allir hluthafar starfandi í félaginu. EFLA er eitt af þeim 54 fyrirtækjum á Íslandi sem hlotið hafa viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki hvað varðar rekstur og fjárhagslega stöðu frá upphafi þeirrar viðurkenningar, árið 2010. Lögð er áhersla á að allt starfsfólk EFLU hafi gildi fyrirtækisins að leiðarljósi í öllu sínu starfi, við ákvarðanatöku og í samskiptum við samstarfsfélaga og viðskiptavini. Þau grundvallarviðhorf og hugmyndir sem liggja að baki fyrirtækjarmenningu EFLU endurspeglast skýrt í okkar gildum.

Hugrekki

Öll verkefni eru áskorun um að finna snjallar lausnir – hjá okkur er allt mögulegt.

Samvinna

Við erum samstillt og vinnum náið með viðskiptavinum að framúrskarandi árangri.

Traust

Við byggjum á öflugri þekkingu, reiðum okkur hvert á annað og stöndum við það sem við segjum.

Öll starfsemi EFLU ber þess merki að stjórnkerfi fyrirtækisins eru vottuð og byggjast á gæðastjórnun ISO 9001, umhverfisstjórnun ISO 14001 og öryggisstjórnun ISO 45001. Starfsemin er jafnlaunavottuð og hefur fyrirtækið innleitt aðferðafræði upplýsingaöryggisstaðalsins ÍST 27001. EFLA er aðili að Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð og styðst við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í stefnumörkun fyrirtækisins.

Heimsmarkmiðin eru 17 með 169 undirmarkmið og gilda til ársins 2030. EFLA hefur forgangsraðað fjórum heimsmarkmiðum út frá stefnumiðun fyrirtækisins. Þau tengjast kjarnastarfsemi EFLU og eru samofin stefnumótun félagsins. Þessi markmið eru:



Jafnframt er lögð áhersla á heimsmarkmið nr. 5 - Jafnrétti kynjanna, nr. 8 - Góð atvinna og hagvöxtur og nr. 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum.

Í takt við hraðar breytingar og þróun í samfélaginu er teymishugsun kjarninn í samvinnu og starfsumhverfi EFLU. Markmiðið er að skapa skýrari megináherslur í starfseminni, einfaldari uppbyggingu, meiri aðlögunarhæfni, spennandi starfsþróunarmöguleika og lifandi fyrirtæki. Markaðssvið fyrirtækisins eru fjögur: byggingar, iðnaður, orka og samfélag; stoðsvið EFLU eru þrjú: mannauður, rekstur og þróun.

Á landsbyggðinni eru svæðisskrifstofur EFLU á Norðurlandi, Austurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Suðurlandi. Um 24% starfsfólks EFLU starfar á landsbyggðinni.





Byggingar

EFLA hefur verið í fararbroddi við hönnun mannvirkja, bæði í nýbyggingum og við endurgerð bygginga. Vistvæn sjónarmið eru höfð að leiðarljósi og rík áhersla lögð á nýsköpun og þróun. Sérstaða EFLU felst í mikilli breidd, alhliða þekkingu og hæfni til að koma með óhefðbundnar lausnir í krefjandi verkefnum, t.d. við undirbúning, áætlanagerð, hönnun, eftirlit og verkefnastjórnun. Vellíðan og heilsa notenda í byggingum er ætíð í forgrunni og tekur hönnunin mið af vönduðu efnisvali, loftgæðum, hljóðvist, orkunýtni og lýsingu. Ávallt er miðað að því að lágmarka umhverfisáhrif bygginga yfir líftíma þeirra til þess að minnka kolefnisfótspor og stuðla að sjálfbærni.



Iðnaður

Sérfræðingar EFLU hafa alþjóðlega reynslu af verkefnum og ráðgjöf í iðnaði og framleiðslu, þar með talið af stjórnkerfum, vinnsluferlum, stýringum og sjálfvirkni. Við blasir áframhaldandi hröð þróun tengd tækni og stafrænni umbreytingu og EFLA styður viðskiptavinum í þeirri vegferð. EFLA veitir fjölbreytta ráðgjöf í iðnaði til að auka skilvirkni, framleiðni, öryggi, upplýsingagjöf og gæði í vinnsluferlum og þjónustu. Einnig er til staðar yfirgripsmikil þekking á vinnsluferlum og sjálfvirknivæðingu í iðnaði og stjórnkerfum. Unnið er markvisst að þróun snjallra lausna og heildarlausna þar sem gervigreind, róbótatækni og myndgreining gegna mikilvægu hlutverki.



Orka

EFLA veitir heildstæða ráðgjöf við undirbúning, rannsóknir, virkjun, viðhald og eftirlit á sviði endurnýjanlegrar orku sem og flutnings- og dreifikerfi raforkunnar. EFLA hefur mikla alþjóðlega reynslu af hönnun orkuflutningskerfa. Jafnframt býr starfsfólk yfir sterkri faglegri sérhæfingu í orkumálum og hefur áratuga reynslu af hagrænum greiningum og ráðgjöf á sviði orkumála og raforkukerfisins í heild. Aðgangur að sjálfbærri orku og orkuskipti verða grundvallaratriði í framtíðinni og hagsæld í framtíðinni og lykilþáttur í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. EFLA er leiðandi þátttakandi í þróun lausna og ráðgjafar á þessu sviði.




Samfélag

EFLA hefur það að markmiði að vera lykilþátttakandi í að bæta samfélagið í þeim tilgangi að auka lífsgæði, þróa mikilvæga innviði og styrkja atvinnulífið. Undirstöðuatriði framsækinnar lausna byggja á sjálfbærni og opnar stafræn þróun ný tækifæri á öllum sviðum samfélagsins. EFLA er leiðandi í sjálfbærum lausnum til að bæta samfélagið með umhverfisleg, samfélagsleg og hagræn sjónarmið að leiðarljósi. Þjónustan er fjölbreytt, hún snýr t.d. að stefnumótun í samfélagslegum viðfangsefnum, greiningum, skipulagsgerð, landslagsarkitektúr, umhverfismálum, vatns- hita- og fráveitum, vistvænum samgöngum og samgöngumannvirkjum, hamfaravörnum og öryggi samfélagsins.

Sterk innlend starfsemi

EFLA leggur mikla áherslu á að bjóða upp á nærþjónustu um allt land. Við bjóðum störf óháð staðsetningu svo starfsfólk geti búið í sinni heimabyggð hvar sem er á landinu, unnið í spennandi verkefnum og tilheyrt öflugum teymlum. Á árinu 2022 voru ellefu einstaklingar í slíku teymisfyrirkomulagi innan EFLU.



11

starfsmenn eru
fjarvinnu á lands-
byggðinni

**„EFLA á sér langa sögu við verk-
fræðiráðgjöf á norska orku-
markaðinum og í iðnaði þar sem
fyrirtækið hefur unnið við gerð
ýmiss konar stjórnkerfa.“**



Sókn erlendis

Noregur

EFLA AS í Noregi hefur einkum veitt sérhæfða þjónustu við háspennulínur og önnur verkefni sem lúta að dreifingu raforku en hefur um leið þróað þjónustu við aðrar greinar verkfræði. Þannig hefur EFLA komið að fjölmörgum samgöngutengdum verkefnum, svo sem hönnun og viðgerðum brúarmannvirkja, vegahönnun, jarðgöngum, jarðtækni og vatns- og fráveitumálum. EFLA á sér langa sögu við verkfræðiráðgjöf á norska orkumarkaðinum og í iðnaði þar sem fyrirtækið hefur unnið við gerð ýmiss konar stjórnkerfa. Alls starfa um þrjátíu manns hjá fyrirtækinu.

Svíþjóð

EFLA AB í Svíþjóð veitir sérhæfða þjónustu við háspennulínur og önnur verkefni sem lúta að flutningi og dreifingu raforku. EFLA hefur unnið frá Íslandi að verkefnum við orkuflutningskerfið í Svíþjóð og með stofnun EFLU AB vorið 2014 lagði EFLA enn frekari áherslu á þjónustu við sænska markaðinn til framtíðar. Alls starfa tveir hjá fyrirtækinu.

Skotland

KSLD er lýsingarhönnunarstofa sem var stofnuð í Edinborg árið 1989 af Kevan Shaw lýsingarhönnuði. Stofan hefur byggt upp gott orðspor fyrir framúrskarandi lýsingarhönnun í næstum þrjá áratugi. Meðal verkefna stofunnar er lýsingarhönnun í söfnum, galleríum, hótelum, veitingastöðum, verslunum og sögulegum byggingum. EFLA og KSLD hafa átt samstarf um langt skeið og í nóvember 2018 varð KSLD dótturfyrirtæki EFLU. Með sameiningunni styrktist lýsingarhönnunarteymi EFLU enn frekar, en það veitir fjölbreyttar lausnir á alþjóðavettvangi. Lögð er áhersla á lýsingarhönnun sem dregur fram formáherslur mannvirkja, gæðir þau lífi og bætir sjónræna upplifun notenda. Starfsfólk lýsingarsviðs EFLU og KSLD er staðsett í Reykjavík, Edinborg og Osló.



Starfsfólk EFLU í Lodz í Póllandi

Pólland

Dótturfyrirtæki EFLU í Póllandi tók upp nafn EFLU árið 2023. EFLA í Póllandi er staðsett í borginni Lodz og er rótgróið ráðgjafarfirmi á sviði verkfræði. Þar starfa tæplega 40 manns sem vinna í nánú samstarfi við starfsfólk EFLU í öðrum löndum. Starfsstöðin sérhæfir sig í alhliða undirbúningi og hönnun raforkuflutningslína og tengivirkja. Þar með eru talðar tengistöðvar, loftlínur, jarðstrengir og ljósleiðarar ásamt háspennubúnaði. Meðal helstu viðskiptavina fyrirtækisins er PSE opinbert fyrirtæki sem á og rekur pólska raforkuflutningskerfið, og rafdreifiveitur í Póllandi.

„Starfsfólk EFLU hefur hlotið viðurkenningu fyrir sérþekkingu sína á sviði raforkuflutninga, einkum á Norðurlöndum og í Norður-Evrópu. EFLA í Póllandi er mikilvægur hluti af þjónustuframboði okkar í þessum mikilvæga geira. Áherslan á raforkuflutninga er í samræmi við það markmið EFLU að vera leiðandi í verkefnum á þessu sviði”, segir Sæmundur Sæmundsson framkvæmdastjóri EFLU.

„Áherslan á raforkuflutninga er í samræmi við það markmið EFLU að vera leiðandi í verkefnum á þessu sviði “

Frakkland

HECLA SAS, sem er staðsett í París, sérhæfir sig í undirbúningi og hönnun orkuflutningsmannvirkja. Fyrirtækið var stofnað árið 2001 þegar fyrir lágu veruleg verkefni í uppbyggingu orkuflutningskerfa í Frakklandi eftir miklar skemmdir í óveðri um síðustu aldamót. Stofnendur félagsins hafa verið bakhjarlar þess alla tíð síðan og byggt á íslenskri þekkingu og reynslu við þróun þess. Stærsti viðskiptavinur HECLA er franska landsnetið RTE. HECLA leiðir svokallaðan HEI hóp þriggja fyrirtækja, sem hafa rammisamning við RTE til ársins 2025 með mögulegri framlengingu. Hjá HECLA starfa nú tólf manns og er stefnt að markvissum vexti félagsins í samræmi við tækifærin framundan.

Árangur

Framúrskarandi fyrirtæki

EFLA var í hópi framúrskarandi fyrirtækja árið 2023 samkvæmt mati Creditinfo, 14. árið í röð, og var jafnframt eitt af 54 fyrirtækjum sem hefur verið á listanum frá upphafi. Markviss undirbúningur og þrotlaus vinna liggur að baki framúrskarandi árangri og þurfa þau fyrirtæki sem teljast framúrskarandi að uppfylla ströng skilyrði. Einnig hafa kröfur verið auknar um stefnumörkun í umhverfis-, jafnréttis- og mannréttindamálum, auk samfélagsábyrgðar, og eru slíkar stefnur nú lagðar til grundvallar.

Viðurkenning jafnvægisvogar FKA

EFLA hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu. EFLA var eitt af þeim fyrirtækjum sem undirrituðu viljayfirlýsingu Jafnvægisvogarinnar þess efnis að jafna kynjahlutfall í framkvæmdarstjórn félagsins, sem náðist árið 2023 þegar Birta Kristín Helgadóttir tók við hlutverki sviðsstjóra orkusviðs.

Steinsteypuverðlaunin 2023

Á Steinsteypuðeginum í febrúar hlutu VÖK baths Steinsteypuverðlaunin 2023. Óli Grétar Metúsalemsson, byggingarverkfræðingur EFLU á Austurlandi, tók við verðlauninum fyrir hönd EFLU en hann stjórnaði hönnun steyptra eininga í verkinu. Ásamt Óla Grétari veittu fulltrúar VÖK og Studio Granda verðlaunum viðtöku.





Hönnunarverðlaun Íslands – Staður ársins

Edda, hús íslenskunnar, hlaut Hönnunarverðlaun Íslands 2023. EFLA sinnti hlutverki byggingarstjóra í verkefninu auk þess að sjá um hljóðvistarhönnun, bruna- og öryggishönnun og umhverfisráðgjöf í tengslum við BREEAM vistvottun.

Græna skóflan

Græna skóflan var afhent á degi Grænni byggðar í september. Veitt voru verðlaun fyrir hjúkrunarheimilið Móberg á Selfossi sem Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir og samstarfsaðilar (FSRE) standa að. EFLA sá um umhverfisráðgjöf og vistferilsgreiningu (LCA) fyrir bygginguna ásamt BREEAM vottun.



BREEAM Excellent

Hönnun á nýju húsnæði Landsbankans hlaut frábæra einkunn (e.excellent) samkvæmt alþjóðlega BREEAM-umhverfisstaðlinum. EFLA sá um alla verkfræðihönnun og sjálfbærni-ráðgjöf ásamt því að útvega sérfræðing í BREEAM matsmannshutverk húsnæðisins.

Askur - mannvirkjasjóður

Fjögur verkefni frá starfsfólki EFLU fengu styrki úr Aski – mannvirkjasjóði. Styrkirnir eru veittir til mannvirkjarannsókna með áherslu á aukna þekkingu, umbætur og nýsköpun til að mæta samfélagslegum áskorunum á sviði mannvirkjagerðar.



Loftslagssjóður

EFLA hlaut í maí styrk frá Loftslagssjóði fyrir verkefnið *Þurrkun á timbri með jarðvarma*.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

EFLA hlaut í september styrki fyrir sex nýsköpunar- og rannsóknarverkefni frá Nýsköpunarsjóði námsmanna á liðnu sumri.

Viðburðir



Kolbrún Reinholdsdóttir og Kristinn Arnar Ormsson

Opinn fundur Landsvirkjunar

Kristinn Arnar Ormsson, sérfræðingur í orkumálaráðgjöf hjá EFLU, og Kolbrún Reinholdsdóttir, sem leiðir teymi orkumálaráðgjafar EFLU, tóku í febrúar þátt í opnum fundi Landsvirkjunar um aflstöðu raforkukerfisins og áhrif á þróun vindorku.

Hringborð Hringrásar

Ólafur Ágúst Ingason, sviðsstjóri bygginga hjá EFLU, stýrði í febrúar vinnustofu Hringborðs Hringrásar um innleiðingu hringrásar í byggingariðnaði. Þar var einnig Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, orku- og umhverfisverkfræðingur hjá EFLU, sem er verkefnisstýra Hringrásarverkefnisins.

Framadagar

EFLA var á Framadögum sem voru haldnir í Háskólanum í Reykjavík í febrúar. Þar hittum við fyrir ungt námsfólk sem vildi kynna sér fyrirtækið og starfsmöguleika, hvort sem var til framtíðar eða vegna sumarstarfa.



Konur í orkumálum

Í mars mættu Konur í orkumálum í heimsókn til EFLU á Lyngháls í Reykjavík þar sem haldnar voru áhugaverðar kynningar og sköpuðust skemmtilegar umræður. Fundarstjóri var Birta Kristín Helgadóttir, sviðsstjóri orkusviðs EFLU. Sæmundur Sæmundsson forstjóri EFLU opnaði viðburðinn með stuttu erindi um félagið.

Fagþing Samorku

Fulltrúar EFLU tóku þátt í fagþingi Samorku í hita-, vatns- og fráveitum sem haldið var á Selfossi í maí. Snærós Axelsdóttir, Reynir Snorrason, Elín Inga Knútsdóttir og Eva Yngvadóttir fluttu öll erindi á þinginu.

Viðburður Orkuveitu Reykjavíkur á Nýsköpunarviku

Reynir Sævarsson, fyrirliði nýsköpunar og þróunar hjá EFLU, tók þátt í pallborðsumræðum um fráveitu og hringrásarhagkerfið á viðburði Orkuveitu Reykjavíkur. Viðburðurinn var hluti af dagskrá Nýsköpunarviku sem fór fram í maí.



Ráðstefnur um orkumál

Birta Kristín Helgadóttir, sviðsstjóri á orkusviði EFLU, var þátttakandi á tveimur ráðstefnum með stuttu millibili í júní. Sú fyrri, Germany-Iceland Clean Energy Summit, einblíndi á hreina orku í Þýskalandi og á Íslandi. Sú seinni var haldin í íslenska sendiráðinu í Varsjá í Póllandi og var Piotr Gburczyk, framkvæmdastjóri EFLU í Póllandi, einnig meðal þátttakenda.

Nor-Shipping

Dr. Majid Eskafi, sérfræðingur í hafnarverkfræði hjá EFLU, tók þátt í Nor-Shipping 2023 sem haldin var í Lillestrøm í Noregi snemma í júní. Nor-Shipping er ráðstefna þar sem aðilar í fararbroddi í hafnarverkefnum, sjávarútvegi og vöruflutningum um alla heim taka þátt og halda fyrirlestra. Á viðburðinum sat Dr. Eskafi fundi með fulltrúum fyrirtækja í greininni og miðlaði upplýsingum um lausnir EFLU á alþjóðlegum vettvangi til að auka tengslanet fyrirtækisins og styrkja samstarfið við erlend fyrirtæki sem stefna að framkvæmd verkefna og viðskiptaþróun á Íslandi.

Umhverfissvænni mannvirkjajaiðnaður

Sérfræðingar EFLU mættu á stöðufund um vistvæna þróun í mannvirkjagerð á vegum verkefnisins Byggjum grænni framtíð í ágúst.

Alexandra Kjeld, ritari og varaformaður Grænni byggðar og umhverfisverkfræðingur á samfélagssviði EFLU, tók þátt í pallborðsumræðum um vistvænar byggingarvörur. Þá stýrði Dr. Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, orku- og umhverfisfræðingur á samfélagssviði EFLU, pallborðsumræðum sem kölluðust Hreyfiafl til framtíðar.

Að auki var haldið rafrænt málþing um stöðu vistvænnar innviðaupbyggingar í október á vegum Grænni byggðar og norrænna systur-samtaka frá Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Viðburðurinn var haldinn á World Green Building Week 2023, þegar fjölmargir viðburðir í þessum málaflokki áttu sér stað víðsvegar um heiminn. Alexandra Kjeld, hélt þar erindi sem fjallaði um núverandi sjálfbærnistöðu innviða héraendis.

Heimsókn HÍ til EFLU

Í tilefni af 50 ára afmæli EFLU, var kennurum og stjórnendum frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands boðið á morgunfund á Lynghálsi í september. Tilgangur fundarins var að ræða samstarfið milli Háskólans og EFLU, hvernig mætti auka það enn frekar og eins að skoða þarfir atvinnulífsins og fyrirtækja á borð við EFLU til framtíðar með tilliti til menntunar.



**„Kennurum og stjórnendum
frá Verkfræði- og náttúru-
vísindasviði Háskóla Íslands
boðið á morgunfund á
Lynghálsi í september.“**



Arctic Circle

EFLA stóð að málþinginu Shipping Toward the Green Future sem fjallaði um orkuskipti í höfnum á alþjóðlegu ráðstefnunni Arctic Circle eða Hringborð Norðurslóða í október. Fyrirlesarar á viðburðinum voru Majid Eskafi og Jón Heiðar Ríkhartsson frá EFLU, auk Þorsteins Mássonar frá Bláma, Hilmar Pétur Valgarðssonar frá Eimskipafélagi Íslands og Robert Howe frá Bremenports í Þýskalandi. Ágústa Loftsdóttir, sérfræðingur hjá EFLU, var málstofustjóri. Fullt var út úr dyrum á málþinginu og líflegar umræður sköpuðust í kjölfar erindanna.

Menningararfur í sýndarheimum

Í október fór fram málþingið Menningararfur í sýndarheimum í Veröld, húsi Vigdísar. Þróstur Thor Bragason, miðlunarfræðingur hjá EFLU, hélt erindi um verkefnið Stafrænar stýttur sem var unnið í samstarfi við safn Einarssonar.

Málþing EFLU um orkuskipti í höfnum

Í tilefni af 50 ára afmæli EFLU bauð félagið hagsmunaaðilum á málþing um orkuskipti í höfnum. Málþingið bar titilinn Siglum í átt að grænni framtíð, fór fram í nóvember í höfuðstöðvum EFLU að Lynghálslí 4 en var jafnframt streymt á aðrar starfsstöðvar EFLU um landið. Með málþinginu vildi EFLA kynna sína sýn og eiga samtalið við hagsmunaaðila um þetta mikilvæga verkefni. Hafnir skipta höfuðmáli þegar kemur að alþjóðlegum flutningakerfum og rafvæðing hafna myndi draga úr kolefnislosun, bæta hafnarumhverfi til muna og spilar stóran þátt í að Ísland nái kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Skúli B. Jónsson, sviðsstjóri iðnaðarsviðs EFLU,

opnaði málþingið og í kjölfarið fluttu þrír sérfræðingar EFLU erindi. Majid Eskafi hafnarverkfræðingur fjallaði um mikilvægi hafna við að ná loftslagsmarkmiðum, Jón Heiðar Ríkharðsson vélarverkfræðingur ræddi hlutverk hafna og hafnarsvæða sem orkuinnviði og hvernig það hlutverk kemur til með að breytast með orkuskiptum og að lokum tók Atli Már Ágústsson rafmagnstæknifræðingur til máls og skoðaði framtíðar-áskoranir írafvæðingu íslenskra hafna.

Kvennafrídagurinn 24. október

EFLA tók þátt í kvennafrídeginum 24. október með því að veita kvenkyns starfsfólki frí án launaskerðingar. Jafnframt hvatti félagið allar konur og kvár til að leggja niður störf og mótmæla þannig kynbundnu misrétti. Hjá EFLU voru ríflega 32% starfsfólks konur í október 2023, alls 141 talsins.



32%

starfsmanna voru konur
árið 2023

Sjávarútvegssráðstefnan 2023

EFLA tók þátt í að skipuleggja málstofu á Sjávarútvegssráðstefnunni 2023 sem fór fram í nóvember. Málstofan bar heitið Upplýsingagjöf um sjálfbærni – hvar liggja tækifærin. Helga J. Bjarnadóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs EFLU, hélt erindi sem fjallaði um loftslagsáhrif matvælaframleiðslu og kolefnisspor mismunandi matvæla undir titlinum Kolefnisspor matarins – hvar liggja tækifærin?

Vísindaferðir

EFLA bauð nemendum frá verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands og nemendum í iðn-, tækni- og verkfræði frá Háskólanum í Reykjavík í heimsókn í Vísindaferð að Lynghálsi í nóvember. Þar kynntu byggingar-, orku-, samélags- og iðnaðarsvið EFLU störf sín og verkefni auk þess sem boðið var upp á göngutúr um húsið og Öflungur starfsmannafélag EFLU sagði frá sinni starfsemi. Þar að auki hittu sviðsstjórar EFLU nemendur í verkfræði í Danmörku, Svíþjóð og Noregi á sambærilegri kynningu. Markmiðið með viðburðunum var að kynna EFLU fyrir framtíðarstarfsfólki og mögulegu sumarfólki.

Hringrásarveggurinn á stofnfundi Hringvangs


Elín Þórólfsdóttir, arkitekt og umhverfis- og auðlindafræðingur á samfélagssviði EFLU, kynnti Hringrásarvegginn, sem er samstarfsverkefni EFLU, Basalt arkitekta og Jáverks, á stofnfundi Hringvangs í desember. Markmiðið með Hringrásarveggnum er að hanna lausn að innivegg sem er framleiddur úr hringrásarefnum eða úrgangstraumum og hægt verður að kaupa vegginn tilbúinn úti í búð. Hringvangur er sjálfstæður vettvangur fyrir samskipti um hringrásarhagerfi í byggingariðnaði. Með Hringvangi er ætlunin að efla tengslanet og auka samvinnu milli ólíkra hagsmunaaðila í byggingariðnaðinum.



Umfjöllun



- **Sigurður Loftur Thorlacius**, umhverfisverkfræðingur hjá EFLU, var í viðtali í Samfélaginu á Rás 1 í janúar. Þar fræddi hann hlustendur þáttarins um lífmassa í heiminum og hvernig hlutdeildin skiptist á milli lífvera.
- **Alexandra Kjeld**, umhverfisverkfræðingur hjá EFLU, var gestur á Morgunvaktinnni á Rás 1 í febrúar.
- Í febrúar var EFLA til umfjöllunar í útgáfu Energy Focus. Þar ræddu þeir **Sæmundur Sæmundsson**, framkvæmdastjóri, og **Steinþór Gíslason**, sviðsstjóri orkusviðs, um alþjóðlegan uppgang félagsins og hvernig hann er tilkominn.
- **Birta Kristín Helgadóttir** og **Steinþór Gíslason** voru í viðtali við Orkublað Orku-klasans í mars. Þar var fjallað um orkuverkefni EFLU hér á landi og erlendis þar sem EFLA sinnir fjölda verkefna fyrir rekstraraðila flutningskerfa fyrir raforku.
- Í maí birtist grein í blaði ráðstefnunnar World Tunnel Congress um gerð ísganganna í Langjökli. Þeir **Reynir Sævarsson**, fyrirliði viðskiptaþróunar og nýsköpunar hjá EFLU, og Hallgrímur Örn Arngrímsson, fyrrum starfsmaður EFLU og nú viðskiptastjóri á samgöngu- og umhverfissviði Verkís, skrifuðu greinina saman.
- Uppbygging nýs Landspítala var til umfjöllunar í Kastljósi í maí. Þar var rætt við **Rúnar Jón Friðgeirsson**, byggingartæknifræðing hjá EFLU, sem hefur eftirlit með framkvæmd uppbyggingarinnar og Runólf Pálsson, framkvæmdarstjóra Landspítalans.
- **Daði Baldur Ottósson**, samgönguverkfræðingur hjá EFLU, var í viðtali um almenningssamgöngur á Íslandi í Speglinum á Rás 2 í ágúst.
- Í nóvember fjallaði **Guðrún Jónsdóttir**, hljóðverkfræðingur, um fyrirbærið þögn í innslagi í Uppástandi á Rás 1. Þar var fjallað um ýmis fyrirbæri frá ólíkum hliðum.
- Nóttina eftir að eldgos hófst á Reykjanesskaga í lok árs var **Jón Haukur Steingrímsson**, jarðverkfræðingur hjá EFLU, í viðtali við Stöð 2 þar sem hann lagði mat sitt á stöðuna.



**„EFLA skuldbindur sig
til að taka þátt í hvatningu
um ábyrgð í umhverfis-
málum heimsins og fylgir
loftslagsstefnu. “**

Samfélagsleg ábyrgð

Global Compact sáttmáli Sameinuðu þjóðanna

EFLA skrifaði undir Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 2015 og skuldbatt sig þannig til að fylgja þeim tíu grundvallarviðmiðum sáttmálans um samfélagslega ábyrgð sem snúa að mannréttindum, vinnumarkaði, umhverfi og baráttu gegn spillingu. Í þessari áttundu samfélagsskýrslu EFLU er tekinn saman árangur fyrirtækisins í samræmi við viðmið Global Compact. Áhersla fyrirtækisins á samfélagslega ábyrgð sína hefur vaxið jafnt og þétt og er hún nú orðin rauður þráður í stefnu-
miðum fyrirtækisins, sem og áhersluþáttur í þeirri ráðgjöf sem fyrirtækið veitir út á við.

Festa, miðstöð um sjálfbærni

EFLA er aðili að Festu, miðstöð um sjálfbærni, og var eitt af 103 íslenskum fyrirtækjum sem skrifaði undir sameiginlega yfirlýsingu fyrirtækja og stofnana um markmið í loftslagsmálum í nóvember 2015. EFLA skuldbindur sig til að taka þátt í hvatningu um ábyrgð í umhverfismálum heimsins og fylgir loftslagsstefnu sem hefur það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs. Starfsfólk EFLU tekur þátt í vinnu sérfræðihóps Festu og leggur fram vinnu til að uppfæra Loftslagsmæli Festu.

Nordic Built og Grænni byggð

EFLA var fyrsta verkfræðistofan á Íslandi sem skrifaði undir sáttmála Nordic Built. Sáttmálinn hvetur til þróunar á samkeppnishæfum lausnum í vistvænni mannvirkjagerð. Markmið Nordic Built er að fá byggingariðnaðinn til að sameinast um að nýta sérþekkingu sína til að mæta aukinni eftirspurn eftir vistvænni mannvirkjagerð í heiminum og vera leiðandi í nýsköpun, grænum hagvexti og velferð. EFLA er einnig stofnaðili og þátttakandi í stjórn sem og virkur félagi í félagasamtökum Grænni byggðar, sem er vettvangur um sjálfbæra þróun byggðar með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif frá mannvirkjagerð, rekstri og niðurrifi.



Samfélagssjóður veittur á Lynghálsl 2023

Votlendissjóður

EFLA er einn af stofnaðilum Votlendissjóðs og er þátttakandi í stjórn sjóðsins. EFLA hefur meðal annars tekið þátt í að móta aðferðafræðina við mat á árangri endurheimtar votlendis og útfærslu vöktunar.

Háskólasamfélagið

EFLA leggur mikið upp úr góðum tengslum við háskólasamfélagið, bæði með því að leggja til starfsfólk til að sinna hlutverki leiðbeinanda í loka-verkefnum og því að sinna stundakennslu í háskólunum. Sem fulltrúi atvinnulífsins hefur EFLA á árinu tekið virkan þátt í endurmati Háskóla Íslands á rannsóknarstefnu á Verkfræði- og náttúruvísindasviði sem og pallborðsumræðu á ráðstefnu um gæði meistaranáms háskólanna á Íslandi: „*Annual quality board conference on enhancing quality of masters studies*“. EFLA hefur gert samstarfssamning við háskólana og tekur við nemendum í starfsþjálfun til að sinna ákveðnum verkefnum.

Samfélagssjóður

Samfélagssjóður EFLU veitir styrki til uppbyggjandi og jákvæðra verka sem nýtast samfélaginu. Umsóknir eru metnar út frá markmiðum sjóðsins, markmiðum EFLU og áherslum valnefndarinnar hverju sinni.


Viðskiptahættir

Mannréttindi

EFLA styður og virðir mannréttindi í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. EFLA lítur svo á að mannréttindi snerti alla og tekur ekki þátt í mannréttindabrotum annarra enda er sérhver manneskja borin frjáls og jöfn öðrum að virðingu og réttindum, líkt og fram kemur í yfirlýsingunni. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna er einnig að finna ákvæði um helstu mannréttindi, svo sem réttinn til lífs, frelsis og mannhelgi, bann við pyntingum, þrælahaldi og mismunun, réttinn til friðhelgis einkalífs og fjölskyldu og rétt til menntunar og heilbrigðis. Í stjórnarskrá Íslands eru nokkur grundvallarmannréttindi vernduð, en þar er að finna ákvæði þar að lútandi í köflum VI og VII. Þessi ákvæði varða í stórum dráttum trúfrelsi, almenna jafnræðisreglu, reglur um útlendinga, ríkisborgara og ferðafrelsi, persónufrelsi, bann við pyntingum og nauðungarvinnu, bann við refsingu án lagaheimildar og dauðarefsingu, réttláta málsmeðferð fyrir dómstólum, friðhelgi einkalífs, eignarrétt, tjáningarfrelsi, féлага- og fundafrelsi, atvinnufrelsi, félagsleg réttindi, rétt til menntunar og vernd barna. EFLA heldur þessi gildi í heiðri og þannig virðir fyrirtækið réttindi og reisn starfsfólks og viðskiptavina sem og samfélagsins alls.

Gegn spillingu

Í öllu starfi EFLU er leitast við að koma ávallt fram af sanngirni og heilindum, hvort sem er í samskiptum við viðskiptavini, starfsfólk eða aðra þá sem fyrirtækið hefur samskipti við.



Þannig eru mútur eða spilling af einhverju tagi ekki liðin, hvorki beint né óbeint. Þá er starfsfólki með öllu óheimilt að bjóða, lofa, gefa, falast eftir, krefjast eða þiggja, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti, neitt sem talist getur til óeðlilegra hagsbóta fyrir þá sjálfa eða EFLU.

Öllu starfsfólki er gert að gæta þess að athafnir þeirra og hagsmunir rekist ekki á við ábyrgð þeirra hjá EFLU. Einnig er mikilvægt að starfsfólk reyni eftir fremsta megni að forðast aðstæður sem hægt væri að túlka sem hagsmunaárekstur.

Trúnaðarupplýsingar

Starfsfólk EFLU leggur sig fram við að meðhöndla trúnaðarupplýsingar af virðingu og varkárni í samræmi við persónuverndarstefnu fyrirtækisins. Við ástundum fagleg vinnubrögð í samskiptum við viðskiptavini og samstarfsaðila ásamt því að fylgja gæðastöðlum fyrirtækisins í öruggri vistun og meðhöndlun trúnaðargagna. Starfsfólki ber einnig að sýna viðeigandi aðgát þegar það ræðir trúnaðarmál við samstarfsfólk, samstarfsaðila og viðskiptavini.

Samstarf við birgja og þjónustuaðila

Í samstarfi við birgja og þjónustuaðila leitast EFLA við að ná gagnkvæmum ávinningi en jafnframt að lágmarka áhættu. Slíkt samstarf er áhættugreint og þeir aðilar sem geta haft veruleg bein áhrif á þjónustu EFLU, orðspor og möguleika á að ná settum markmiðum eru rýndir sérstaklega. Samningar eru gerðir um samstarfið og árangur metinn reglulega.

Regluverk

Starfsfólk EFLU er skuldbundið til að fara eftir lögum og reglugerðum á viðeigandi viðskiptasvæðum fyrirtækisins. Starfsfólk skal þekkja viðeigandi lög og ætlast er til þess að allir samstarfsaðilar starfi einnig samkvæmt lagalegum kröfum og stöðlum um ábyrga og heilbrigða viðskiptahætti. Starfsfólk EFLU skal fara að gildandi samkeppnislögum í hverju landi þar sem fyrirtækið er í viðskiptum.

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (Taxonomy)

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin voru afturvirk til 1. janúar 2023 og gilda því um allt fjárhagsárið 2023.



„Starfsfólk EFLU leggur sig fram við að meðhöndla trúnaðarupplýsingar af virðingu og varkárni í samræmi við persónuverndarstefnu fyrirtækisins “

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3. gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum og á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Umhverfismarkmiðin eru sex: mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og eftirlit með mengun og loks vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa. Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun loftslagsbreytinga hafa verið innleidd með framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og atvinnustarfsemi sem þar er tiltekin fellur undir upplýsingaskyldu á Íslandi. Framseld reglugerð ESB 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið og framseld reglugerð ESB 2023/2485 um uppfærslu á loftslagsmarkmiðum tóku hins vegar gildi innan ESB árið 2023 og biða innleiðingar hér á landi.

Gerð er krafa um að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hækri starfsemi, þ.e. starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfislega sjálfbær.

Til þess að starfsemi teljist samræmd, og þar með að hún uppfylli skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær, þarf hún að fela í sér verulegt framlag (e. substantial contribution) og valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm), auk þess að uppfylla lágmarks verndarráðstafanir. Kröfurnar eru ítarlegar og ljóst að ef fyrirtæki vilja lýsa því yfir með góðri samvisku að markmiðin séu uppfyllt, og þannig að slíkt standist skoðun, þarf mikil grunnvinna að hafa átt sér stað.

EFLA hf. sem stór samstæða í skilningi ársreikningalaga fellur undir flokkunarreglugerðina og vinnur nú að innleiðingu verkferla til að uppfylla kröfur um lágmarksverndarráðstafanir. Einnig er unnið að endurbótum í verk- og fjárhagskerfum félagsins til að unnt sé að greina veltu, fjármagnskostnað og rekstrarkostnað er tengjast umhverfismarkmiðum í flokkunarreglugerð Evrópusambandsins. EFLA hf. stefnir á að birta upplýsingar um hlutfall veltu, fjárfestinga og rekstrargjalda fyrir þá starfsemi samstæðunnar sem flokkunarkerfið nær yfir, auk hlutfalls umhverfissjálfbærrar starfsemi, fyrir rekstrarárið 2024.



Menning



EFLA hefur á að skipa hæfu, reynslumiklu og áhugasömu starfsfólki sem starfar á fjölbreyttum sviðum. Okkur þykir mikilvægt að veita starfsfólki svigrúm til að þróast í starfi og sýna sjálfstæði og frumkvæði. Þannig er lögð áhersla á samábyrgð allra og markvissa teymisvirkni. Samfélagsleg ábyrgð og hugarfar nýsköpunar í starfi eru meðal áhersluatriða í menningu EFLU. Allt starfsfólk er mikilvægur hlekkur í starfseminni og framlag hvers og eins skiptir máli fyrir góðan árangur fyrirtækisins.


Störf óháð staðsetningu

EFLA býður upp á störf óháð staðsetningu og hefur starfsfólki sem velur að starfa í heimabyggð fjölgað. Þetta starfsfólk sinnir því sínu starfi utan hefðbundinna starfsstöðva félagsins eða fjarri sínum fagteymum og nýtir tæknina til að eiga samskipti. Samhliða lögðu stjórnendur sig fram um að mæta nýjum áskorunum með nýjum og fjölbreyttum aðferðum í því skyni að styðja sem best við sitt fólk.

Starfsfólkið

Í árslok 2023 störfuðu 403 einstaklingar í 347 stöðugildum hjá EFLU hf. en heildarfjöldi starfsfólks hjá félaginu og dótturfélögum var 524 einstaklingar. Þar af voru 5 starfsnemar og 32 nemar í sumarstarfi hjá EFLU hf. Starfsfólk EFLU býr yfir fjölbreyttri menntun og er menntunarstig starfsfólks mjög hátt en meira en 90% þess hefur háskólamenntun. Starfsfólk býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu á sviði verkfræði, tækni og í ýmsum öðrum greinum. Hjá EFLU er kynjahlutfall þannig að 37% starfsfólks eru konur og 63% starfsfólks eru karlar og fjölgaði konum um rúmlega 1% á milli ára. Ekkert starfsfólk EFLU er skráð kynhlutlaust. Það er yfirlýst stefna EFLU að auka hlut kvenna og hlutlausra kynja, t.d. í gegnum nýráðningar og fræðslu. Meðalstarfsaldur er rúmlega átta ár og meðallífaldur starfsfólks 42 ár. Aldursbreidd starfsfólks EFLU er mjög mikil eða frá 19 til 79 ára. Hlutfallslega flest starfsfólk er á aldrinum 30–39 ára.





Móttaka nýs starfsfólks

Aukin áhersla var lögð á móttöku nýs starfsfólks á árinu enda skiptir vandað móttökuferli mjög miklu máli. Það hvernig tekið er á móti nýju starfsfólki getur haft mikil áhrif á líðan þess og síðar helgun í starfi. Á árinu 2023 hófu tæplega hundrað starfsmenn störf hjá EFLU hf. Móttökuferlið var endurskoðað og er nú skilgreint sem tveggja ára ferli. Kallað er eftir upplifun starfsfólks með reglubundnum könnunum á tíma-bilinu, auk þess sem öllu starfsfólki stendur til boða að hitta mann-auðssérfræðing til að ræða það sem vel er gert sem og það sem betur má fara. Samhliða þessu var unnið að endurbótum á nýliðafræðslunni auk þess sem fóstrar fengu aukinn stuðning og þjálfun.

Heilsueflandi vinnustaður

EFLA leggur metnað sinn í að hlúa að heilsu og vellíðan starfsfólks og hefur verið í hópi heilsueflandi vinnustaða á Íslandi frá upphafi verkefnisins árið 2020. Um er að ræða verkefni á vegum Embættis landlæknis, Vinnueftirlitsins og VIRK. Heilsueflandi vinnustaður er sameiginlegt verkefni vinnuveitenda, starfsfólks og samfélagsins og nær til félagslegra, andlegra og líkamlegra þátta sem stuðla að vellíðan einstaklings.

Árlega er lagt mat á stöðu EFLU í samræmi við viðmið Embættis landlæknis og VIRK, auk þess sem kallað er eftir upplifun starfsfólks í árlegri vinnustaðakönnun. Markmið verkefnisins er að skapa umhverfi og aðstæður í vinnuumhverfi starfsfólks sem stuðla að heilsusamlegum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan, svo sem hollu mataræði, hreyfingu, góðu vinnuumhverfi og góðum samskiptum.



Starfsfólk EFLU á Framadögum HR

Vellíðan


Vellíðan starfsfólks er mikilvæg og mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda sem byggir á sálfræðilegu öryggi og góðri teymisvirkni. Þar skiptir miklu máli að traust ríki í teyminum þar sem starfsfólk getur sagt hug sinn af einlægni og skipst á hugmyndum og aðferðum á uppbyggilegan máta. Teymisvirkni og samábyrgð ýtir undir samvinnu þar sem starfsfólk leitar hvert til annars og deilir þekkingu sinni og reynslu. Á árinu var innleiðingu á uppfærðri stefnu gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO) fylgt eftir með fræðslu og kynningum um ýmis atriði sem styðja við góð samskipti á vinnustað, svo dæmi sé tekið. Einelti og áreitni eru ekki liðin hjá EFLU og lögð er áhersla á fræðslu og þjálfun um málaflokkinn. Áfram var kapp lagt á að koma sem best til móts við starfsfólks í formi aukins sveigjanleika, heimavinnu, bætts upplýsingaflæðis og fræðslu, svo dæmi séu nefnd.

Jafnrétti

Jafnréttis- og jafnlaunastefna EFLU byggir á þeirri grundvallarhugsun að allt starfsfólk njóti jafnréttis, óháð kyni, uppruna eða trú. EFLA hlaut jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 árið 2019 og var vottunin endurnýjuð á árinu 2022 með gildistíma til ársins 2025. Eitt af markmiðum EFLU er að enginn launamunur sé á milli kynjanna sem og að launamunur mælist aldrei hærri en 1%. Niðurstöður síðustu launagreiningar sýndu að óútskýrður launamunur var um 0,5% körlum í óhag, sem er í fyrsta skipti sem mælingar sýna niðurstöður þeim í óhag. Hjá EFLU hefur enginn óskað eftir kynlausri skráningu og því er samanburðurinn einungis á milli tveggja kynja, þ.e. karla og kvenna. Á kvennafrídaginn 24. október voru konur og kvár hvött til að leggja niður launuð og ólaunuð störf og vildi EFLA þannig leggja lóð sitt á vogarskálarnar til að styðja málstaðinn. EFLA hlaut á árinu viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar fyrir að vera eitt af þeim fyrirtækjum sem hafa undirritað viljayfirlýsingu um jafnt kynjahlutfall í framkvæmdarstjórn félagsins.

Andleg og líkamleg heilsa starfsfólks

EFLA leggur áherslu á að hlúa vel að andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks. EFLA hvetur starfsfólk til heilbrigðra lífshátta og umhverfisvænna ferðamáta og reynt er að gera starfsfólki þetta mögulegt og aðgengilegt eins og hægt er. Á árinu 2023 fengu um 82% starfsfólks greiddan íþróttadeða hreyfingarstyrk og um 36% starfsfólks höfðu gert samgöngusamning. Árlega eru framkvæmdar heilsufarsmælingar á starfsstöðvum EFLU fyrir þau sem það kjósa, auk þess sem boðið er upp á flensusprautu að hausti. Í höfuðstöðvum EFLU er góð aðstaða fyrir starfsfólk til íþróttaiðkunar, tímar í jóga og hreystipjálfun hafa verið í boði og aðstaða fyrir heilsunuddara.



EFLA hefur hlotið gullvottun sem hjólavænn vinnustaður. Vottunin hvetur vinnustaði til að bæta aðbúnað hjóltreiddafólks, bæði fyrir viðskiptavini og starfsfólk, og hvetja þannig fleiri til að velja umhverfissvæna og heilbrigða ferðamáta í daglegu lífi. Lögð er áhersla á að gera starfsfólki kleift að hlúa að andlegri heilsu og starfsfólki veitt aðstoð ef það óskar eftir henni.

Hollur og næringarríkur matur

Framúrskarandi mótuneyti er rekið í höfuðstöðvum EFLU. Þar getur starfsfólk, gegn vægu gjaldi, fengið góðan og næringarríkan hádegisverð, auk þess sem starfsfólki er daglega boðið upp á ferska ávexti, hrökkbrauð, álegg, hnetur og fleira án endurgjalds. Lögð er áhersla á að merkja vel ofnæmisvalda og grænkeravalmöguleika í mat sem borinn er fram í mótuneytinu. Þar hefur starfsfólk auk þess aðgang að þjónustuvef sem sýnir kolefnisspor allra máltíða ásamt næringarefnainnihaldi hversar máltíðar. Þannig geta matreiðslumeistarar okkar alltaf stillt máltíðir af m.t.t. næringar og upplýst starfsfólk. Leitast er við að bjóða upp á holla valkosti í hádegisverð á starfstöðvum á landsbyggðinni þar sem ekki eru rekin mótuneyti.

Helgun starfsfólks og starfsandi

EFLA framkvæmir reglulega vinnustaðakannanir í samstarfi við Gallup. Í könnuninum er meðal annars helgun starfsfólks mæld sem og starfsánægja, auk ýmissra annarra atriða sem snúa að líðan og upplifun starfsfólks á vinnuumhverfi sínu. Mæling á helgun starfsfólks byggir á tólf lykilþáttum sem tengjast bæði líðan starfsfólks og rekstrarlegum þáttum.





Mælingar sýna að helgun starfsfólks eykst á milli ára og hækkar úr 4,06 frá árinu áður í 4,21. Starfsánægja hjá EFLU hefur jafnframt aukist jafnt og þétt undanfarin ár og hélt sú þróun áfram á árinu 2023. Starfsánægja mældist 4,44 af 5 mögulegum í vinnustaðakönnun 2023. Áfram var lögð áhersla á að vinna sérstaklega með heilsu og líðan starfsfólks sem og regluleg snerpusamtöl sem sniðin voru að áherslum í stefnu félagsins. Þá rýndu öll teymi niðurstöðurnar og völdu sér 2-3 atriði til að vinna áfram með.

Endurgjöf og hrós

Á árinu var jafnframt augin áhersla á að auka hrósmenningu hjá EFLU og hvetja til tíðari endurgjafar innan teyma og sviða. Rannsóknir hafa sýnt að tíðari hrós og endurgjöf á vinnustöðum hefur jákvæð áhrif á frammistöðu og getur dregið úr streitu starfsfólks.

Aðgerðir sem farið var í á árinu til að auka hrósmenningu voru m.a. fræðsla til starfsfólks og stjórnenda, að birta hrós vikunnar á innri vef og almenn hvatning til allra að setja sér það markmið að hrósa hvert öðru oft fyrir það sem vel er gert. Mælingar síðla árs 2023 sýndu árangur af aðgerðum en samkvæmt þeim jókst upplifun starfsfólks á hrósi og endurgjöf marktækt á milli mælinga.

Sveigjanlegur vinnutími


EFLA leggur áherslu á að bjóða starfsfólki sínu upp á sveigjanlegan vinnutíma til að mæta ólíkum þörfum þess. Lögð er áhersla á að starfsfólk nái að halda góðu jafnvægi milli vinnu og einkalífs og er ávallt reynt að koma til móts við þarfir starfsfólks vegna aðstæðna sem geta skapast í einkalífi þeirra. Í vinnustaðakönnun 2023 metur starfsfólk sveigjanleika á vinnustaðnum og benda niðurstöður til þess að mikill meirihluti þess sé ánæggt með þann sveigjanleika sem það hefur í starfi.

Starfsmannafélagið Öflungur

Öflungur er starfsmannafélag EFLU á Íslandi og óhætt er að segja að félagsstarf starfsfólks sé afar fjölbreytt. Lögð er áhersla á að viðburðir mæti ólíkum þörfum starfsfólks og að þeir séu fjölskylduvænir. Hlutverk Öflungs er m.a. að vinna að íþrótt-, félags- og menningarmálum starfsfólks og efla samstarf og samvinnu þess. Allt starfsfólk hefur val um hvort það vilji vera í starfsmannafélaginu og er nánast allt starfsfólk EFLU félagar. Mikil gróska var í starfi Öflungs á árinu og boðið var upp á fjölbreytta viðburði og dagskrá fyrir starfsfólk.

50 ára afmæli EFLU

Árið 2023 var 50 ára afmæli EFLU fagnað. Haldið var upp á þessi tíma-mót með stórri árshátíð í Hörpu, en þangað var starfsfólki og mökum allra dótturfélaga boðið, til viðbótar við starfsfólk EFLU á Íslandi. Ýmislegt fleira var gert í tilefni af afmælinu, en auk árshátíðarinnar má nefna stofnun Emblu, Samverudags EFLU. Með Emblu er ætlunin að bjóða starfsfólki félagsins að hittast með fjölskyldum sínum og vera samfélaginu til aðstoðar og leggja sitt að mörkum. Þá var Kvennaathvarfinu veittur stór styrkur úr Samfélagssjóði EFLU en vegna afmælisins var ákveðið að styðja sérstaklega eitt verkefni á myndarlegan hátt. Aukin tengsl við viðskiptavinum og samstarfsaðila vegna afmælisins voru einnig meginstef á árinu og munu verða það áfram á komandi ári 2024.





Öryggi og áhættumat

Öryggi starfsfólks er haft í fyrirrúmi hjá EFLU og leitast fyrirtækið við að skapa starfsfólki sínu öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Haft er viðtækt samstarf við starfsfólk um hættur, áhættumat, forvarnir og fræðslu. Lögd er áhersla á opin samskipti um vinnuvernd og kallað er eftir ábendingum og tillögum að umbótum. Þá er starfsfólk ávallt hvatt til að gæta að öryggi sínu og annars starfsfólks. Áhættumat og vinnulýsingar hafa verið gerðar fyrir öll helstu störf hjá EFLU, bæði innan skrifstofunnar og vegna vinnu á mismunandi verkstöðum. Allur nauðsynlegur öryggisbúnaður er til staðar fyrir starfsfólk og er hann CE merktur. Til að auka öryggisvitund og draga úr áhættu er starfsfólki gert að skima fyrir hættum þegar farið er á verkstað, með því að nota snjallforrit sem inniheldur stuttan lista yfir helstu öryggisatriði og viðbúnað.

Öryggisnefndir

Öryggisnefndir eru starfandi á öllum starfsstöðvum EFLU. Í öryggisnefndum sitja annars vegar öryggistrúnaðarmenn sem kosnir eru af starfsfólki og hins vegar öryggisverðir sem valdir eru af EFLU. Helsta hlutverk öryggisnefnda er að vinna að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í allri starfsemi fyrirtækisins og fylgjast með því að ráðstafanir á þessu sviði séu framkvæmdar og skili tilætluðum árangri. Þær sjá jafnframt um vöktun á öryggisbúnaði, öryggiskerfum á starfsstöðvum og brunaöryggi. Nefndirnar eru mjög virkar og taka þær þátt í öllum helstu ákvörðunum um öryggismál EFLU.

Persónuvernd

EFLU er umhugað um öryggi persónugreinanlegra upplýsinga viðskiptavina og starfsfólks síns og einsetur sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi þeirra gagna sem unnið er með innan fyrirtækisins. EFLA vinnur samkvæmt núgildandi persónuverndarlöggjöf og persónuverndarstefnu.

Þjónustuaðilar í vinnuvernd

EFLA er viðurkenndur þjónustuaðili af hálfu Vinnueftirlitsins og er í samstarfi við Heilsuvernd um veitingu heildstæðrar þjónustu á sviði vinnuverndar. Öllum gildandi lögum og reglum er fylgt í starfsemi EFLU, svo sem lögum um vinnuvernd og almenntri löggjöf um vinnumarkaðsmál. Langstærsti hluti starfsfólks EFLU hefur kosið að vera í stéttarfélögum. EFLA lýsir því yfir að fyrirtækið stendur alfarið gegn allri nauðungar- og þrælkunarvinnu sem og barnaþrælkun.



Árangur í umhverfismálum á Íslandi



EFLA vinnur eftir umhverfis-, öryggis- og samgöngustefnu og hefur sett sér markmið um að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar með stöðugum úrbótum, ásamt því að tryggja öruggt og heilnæmt vinnumhverfi fyrir starfsfólk. Umhverfisstjórnun EFLU nær til allrar starfsemi fyrirtækisins á Íslandi og í Noregi, hvort heldur er varðar almennan rekstur á skrifstofum, á rannsóknarstofum eða í ráðgjafarþjónustu. EFLA setti sér loftslagsmarkmið árið 2015 miðað við ákveðna þætti í sinni starfsemi. Niðurstöður ársins eru bornar saman við árin 2015 þegar það á við og árið 2022. Í þessum kafla er eingöngu fjallað um umhverfisárangur EFLU út frá starfsemi á Íslandi. Hér verður fjallað um mikilvæga umhverfisþætti í rekstri EFLU á Íslandi. Við framsetningu á kolefnisspori er leiðbeiningum úr *Greenhouse Gas Protocol* fylgt. Tekið er tillit til beinnar losunar (umfang 1) og óbeinnar losunar gróðurhúsalofttegunda (umfang 2 og 3), í starfseminni.

Umhverfismarkmið í rekstri EFLU

1

28%

Lækkun kolefnisspors EFLU án bindingar á hvert stöðugildi miðað við árið 2015.

67%

Lækkun kolefnisspors EFLU án bindingar á hvert stöðugildi miðað við árið 2015.

2

Öll

losun gróðurhúsalofttegunda kolefnisjöfnuð fyrir árið 2030

162

tonn CO₂-ígilda kolefnisjöfnuð í samstarfi við Yggdrasil Carbon

3

90%

Lækkun kolefnisspors EFLU án bindingar á hvert stöðugildi miðað við árið 2015.

96%

Lækkun kolefnisspors EFLU án bindingar á hvert stöðugildi miðað við árið 2015.




„Við framsetningu á kolefnisspori er leiðbeiningum úr Greenhouse Gas Protocol fylgt.“

Orkunotkun


Notkun á raforku í starfsemi EFLU jókst um 14% milli ára 2022 og 2023 miðað við hvern fermetra húsnæðis, úr 61 kwst/m² árið 2022 í 70 kwst/m² árið 2023. 76% af raforkunotkun EFLU tengist starfsemi höfuðstöðva fyrirtækisins að Lynghálslí 4. Þar er til staðar sjálfvirk stýring á ljósum (hreyfiskynjarar) í öllum helstu rýmum, s.s. í skrifstofurýmum og á salernum. EFLA hefur keypt upprunaábyrgðir vegna orkunotkunar sinnar og því er uppgæfið kolefnisspor vegna raforkunotkunar miðað við staðbundna nálgun (local based).

Raforka



Notkun á heitu vatni dróst saman um 10% á milli ára 2022 og 2023, sem rekja má til minni notkunar á heitu vatni í snjóbræðslu við höfuðstöðvar EFLU. Aðalnotkun EFLU á heitu vatni tengist upphitun og snjóbræðslu.

Vatnsorka




Úrgangur

EFLA leggur áherslu á að flokka til endurvinnslu allan úrgang sem verður til í starfseminni. Endurvinnanlegur úrgangur er t.d. pappír, pappi, plast, steinefni og málmar. Auk þess er lífrænn úrgangur flokkaður sérstaklega auk prenthylkja og ljósapera og fer þessi úrgangur allur til endurvinnslu og endurnýtingar. Almennur úrgangur frá starfsemi EFLU fer annars vegar í urðun og hins vegar í brennslu, þar sem hann er nýttur sem hráefni til orkuvinnslu. Heildarmagn úrgangs í starfsemi EFLU var um 35 tonn árið 2023, þar af fór um 96% í endurvinnslu og 4% í förgun. Um 87% af öllum úrgangi sem kemur frá starfsemi EFLU á uppruna sinn í höfuðstöðvum EFLU. Nánari umfjöllun um úrgang frá höfuðstöðvum EFLU fer fram hér á eftir.




Endurvinnsluhlutfall í höfuðstöðvum

Heildarmagn úrgangs í höfuðstöðvum EFLU var um 30 tonn árið 2023, þar sem um 1 tonn fór í förgun. Heildarmagn úrgangs á hvert stöðugildi í höfuðstöðvum EFLU var mjög svipað á milli áranna 2022 og 2023, eða um 116 kg/stöðugildi. Magn lífræns úrgangs jókst um 11% á hvern starfsmann, úr 35 kg/starfsmann árið 2022 í 39 kg/starfsmann árið 2023. Áhersla hefur verið lögð á að minnka matarsóun og nýta hráefni vel í mötuneyti EFLU. Virk vöktun er í gangi og upplýsingamiðlun um nýtingu hráefna og magn lífræns úrgangs, bæði við vinnslu máltíða og af diskum starfsmanna. Árið 2023 var magn steinefna í verkefnum EFLU tæplega 10 tonn.



Magn úrgangs til förgunar



Markmið EFLU er að 90% úrgangs fari til endurvinnslu/endurnýtingar og aðeins 10% í urðun. Markmiðið er sett hátt í anda hringrásarhugsunar. Í höfuðstöðvum EFLU fór endurvinnsluhlutfallið úr 86% fyrir árið 2022 í 99,7 % árið 2023. Þetta stafar af breytingum á meðhöndlun almenns úrgangs á Íslandi, sem áður fór að mestu í urðun, en nú er almennur úrgangur fluttur úr landi í brennslu og notaður sem hráefni til orkuvinnslu. EFLA mun því einnig leggja áherslu á að draga úr magni úrgangs í framtíðinni auk þess að leggja áfram áherslu á flokkun úrgangs miðað við endurvinnslu/endurnýtingu. Mjög mikilvægt er að viðhalda stöðugri fræðslu, bæði til starfsmanna og þeirra aðila sem sjá um að koma úrgangi í réttan farveg frá fyrirtækinu, svo sem þrífaaðila og flutningsaðila á vegum EFLU.

Akstur og flug

Akstur og flug starfsfólks EFLU árið 2023 endurspeglar breytingar sem hafa orðið í samfélaginu í kjölfar Covid-19 ástandsins. Fjarvinna og fjarfundir tíðkast í auknum mæli og því hafa losunartölur tengdar þessum þáttum dregist saman um marga tugi prósent miðað við árið 2019 (fyrir Covid-19).

Nokkur akstur tengist starfsemi EFLU. Losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) vegna aksturs starfsfólks er skipt í tvennt. Annars vegar bein losun frá akstri bifreiða í starfsemi EFLU (bílar í eigu EFLU og bílar á rekstrarleigu) og hins vegar óbein losun sem tengist akstri starfsmanna á vegum EFLU á eigin bílum eða tilfallandi bílaleigubílum (bæði til og frá vinnu eða vegna vinnuferða). EFLA starfar samkvæmt eigin samgöngustefnu og vill þannig stuðla að minni mengun, heilbrigðari lífsháttum og bættri borgarmynd. Starfsfólk er hvatt til að hagræða ferðum á vegum fyrirtækisins þannig að áhrif þeirra á umhverfið verði sem minnst. Auk þess eru starfsmenn hvattir til að nýta sér umhverfisvænni ferðamáta til og frá vinnu með samgöngusamningum.



„ Miðað við áætlaða samsetningu bílaflota starfsmanna og eyðslu er gert ráð fyrir að losun GHL sé um 39 tonn. “

Bein losun – bifreiðar í rekstri EFLU

Starfsfólk EFLU hefur aðgang að um 30 bifreiðum á vinnutíma, þar af eru 9 rafmagnsbílar. Notkun eldsneytis (bensín og dísel) á bílum í rekstri EFLU var árið 2023 um 13,6 þúsund lítrar miðað við 14 þúsund lítra árið 2022. Þessi notkun samvarar beinni losun á um 39 tonnum af CO₂-ígildum út í andrúmsloftið, eða um 0,11 tonn CO₂-ígildi á hvert stöðugildi, sem er um 5% minni losun á hvert stöðugildi en var árið 2022.

Óbein losun – tilfallandi notkun bílaleigubifreiða á vegum EFLU

Verkefni EFLU eru dreifð um allt land, sem hefur í för með sér að starfsfólk nýtir sér bílaleigubifreiðar í ákveðnum tilfellum. Út frá kílómetrastöðu bifreiðanna og losunarstuðlum samsvarar þessi notkun losun á um 6 tonnum af CO₂-ígildum, eða 0,018 tonnum CO₂-ígilda miðað við hvert stöðugildi. Þessi losun er um 40% hærri á hvert stöðugildi en var árið 2022, sem tengja má við staðsetningu verkefna um landið.

Óbein losun – bifreiðar starfsfólks notaðar í vinnu á vegum EFLU

Samkvæmt ferðavenjukönnun, sem gerð var meðal starfsmanna EFLU árið 2022, nýta starfsmenn í um 46% tilvika þær bifreiðar sem eru til staðar í rekstri EFLU þegar þeir þurfa að fara á milli staða á vegum vinnunnar. Miðað við áætlaða samsetningu bílaflota starfsmanna og eyðslu er gert ráð fyrir að losun GHL sé um 39 tonn, eða 0,11 tonn CO₂-ígilda á hvert stöðugildi, sem er mjög sambærileg losun á hvert stöðugildi milli ára 2022 og 2023. Samkvæmt ferðavenjukönnun EFLU frá árinu 2022 aka 21% starfsmanna á rafmagnsbílum og 8% á tvínnbílum (hybrid).


Óbein losun – akstur starfsfólks til og frá vinnu

Samkvæmt ferðavenjുകönnuninni ekur starfsfólk að meðaltali um 18 km á dag til og frá vinnu. 31% starfsfólks ekur á vistvænum bílum, þ.e. tvinnbílum, metan eða rafmagnsbílum. Lagt er mat á losunGHL vegna aksturs starfsmanna til og frá vinnu og var losunin 125 tonn CO₂-ígilda árið 2023 eða 0,36 tonn CO₂-ígilda/stöðugildi, miðað við 102 tonn CO₂-ígilda og 0,32 tonn CO₂-ígilda/stöðugildi árið 2022. Hér er um 15% hækkun á losun að ræða miðað við hvert stöðugildi á milli áranna 2022 og 2023.

Óbein losun – flugferðir starfsfólks

Losun GHL vegna innanlandsflugs starfsfólks EFLU dróst saman um 32% á hvert stöðugildi milli áranna 2022 og 2023 og var um 0,07 tonn CO₂-ígilda á hvert stöðugildi árið 2023. Losun GHL vegna flugs erlendis dróst saman um 31% og var um 0,09 tonn CO₂-ígilda á hvert stöðugildi, í samanburði við 0,14 tonn CO₂-ígilda á hvert stöðugildi árið 2022.

Hlutfallsleg losun CO₂ m.v. ferðamáta



Aðrir þættir í starfsemi EFLU sem valda óbeinni losun

Í þessari skýrslu eru birtar í fyrsta skipti upplýsingar um fleiri losunarþætti sem eiga við um óbeina losun GHL vegna starfsemi EFLU í umfangi 3. Hér er um að ræða losun vegna kaupa á nýjum raftækjum, losun vegna innkaupa á matvöru í mötuneyti í höfuðstöðvum EFLU og aksturs starfsfólks til og frá vinnu.


Óbein losun – raftæki

Mat var lagt á kolefnisspor þeirra raftækja sem keypt voru ný á árinu 2023, þ.e. farsímar, fartölvur og tölvuskjáiir. Upplýsingar um kolefnisspor þessara tækja (framleiðsla, dreifing og förgun) voru fengnar úr vottuðum umhverfisyfirlýsingum frá framleiðendum sambærilegra raftækja. Á árinu voru keyptir 99 nýir farsímar, 164 tölvur, 8 borðtölvur, 1 spjaldtölva og 127 skjáiir. Samanlagt kolefnisspor þessara tækja er um 186 tonn CO₂-ígilda, eða um 0,5 tonn CO₂-ígilda/stöðugildi, sem er um 3,6 sinnum hærra en var árið 2022, 0,14 tonn CO₂-ígilda/stöðugildi. Skýringin á þessu er sú að töluverður munur er á kolefnisspori mismunandi gerða raftækja sem keypt voru á milli ára. Hér er tækifæri til að taka frekara tillit til kolefnisspors raftækja í innkaupum.

Óbein losun – matarinnkaup mótuneytis

Kolefnisspor helstu matvæla var tekið saman miðað við helstu vöruflokka hráefna í mótuneyti EFLU. Um er að ræða kjöt, fisk, grænmeti og ávexti. Við útreikninga á kolefnisspori þessara matvæla var notaður hugbúnaðurinn Matarspor sem EFLA hefur hannað til að meta kolefnisspor máltíða. Kolefnisspor matvæla sem notuð voru í mótuneyti EFLU er um 135 tonn CO₂-ígilda, eða um 4 kg CO₂-ígilda/viðskiptavin EFLU, miðað við 3,5 kg CO₂-ígilda/viðskiptavin EFLU árið 2022, og er því hér um að ræða 12% hækkun á milli ára.






Myndin sýnir skilgreiningu á beinum og óbeinum áhrifum byggt á Greenhouse Gas Protocol kafli 3

Kolefnisspor EFLU

Kolefnisspor fyrirtækis tengist bæði beinni losun og óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda í starfseminni. Samkvæmt skilgreiningu Greenhouse Gas Protocol er bein losun gróðurhúsalofttegunda sú losun sem fyrirtæki geta haft beina stjórn á. Hjá EFLU er það sú losun gróðurhúsalofttegunda sem tengist notkun bifreiða í rekstri EFLU. Óbein losun EFLU samkvæmt Greenhouse Gas Protocol er af völdum notkunar rafmagns og losun vegna aksturs starfsmanna á eigin bílum og bíllaleigubílum á vegum EFLU. Einnig veldur losun vegna flugs starfsmanna óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda, sem og meðhöndlun úrgangs. EFLA hefur bætt við upplýsingamiðlun sína varðandi mikilvæga þætti sem eiga við um umfang 3 í kolefnisspori fyrirtækisins, sem sjá má hér fyrir aftan.

Við útreikninga á losun GHG notar EFLA losunarstuðla sem Umhverfisstofnun gefur út reglulega, þegar það á við. Einnig notar EFLA hugbúnaðinn Matarsporið og umhverfisupplýsingar viðkomandi raftækja (e. EPD *Environmental Product Declaration*), þar sem þær liggja fyrir, sem og aðrar reiknivélar eins og við á, svo sem fyrir flug.

„Losun gróðurhúsalofttegunda á hvert stöðugildi var 0,47 tonn CO₂-ígilda árið 2023 og var um 67% lægri en árið 2015.“



Losun gróðurhúsalofttegunda á hvert stöðugildi var 0,47 tonn CO₂-ígilda árið 2023 og var um 67% lægri en árið 2015 (1,43 tonn CO₂-ígilda/stöðugildi). Loftslagsmarkmið EFLU árið 2023 var að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 28% í starfsemi fyrirtækisins miðað við hvert stöðugildi, samanborið við árið 2015.

EFLA kolefnisjafnaði starfsemi sína fyrir árið 2023 í samstarfi við Yggdrasil. Þannig var bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda fyrirtækisins, eða 164 tonn CO₂-ígilda, kolefnisjöfnuð. Aðrir þættir í starfsemi EFLU sem fyrirtækið hafði óbein áhrif á árið 2023 eru losun vegna kaupa á nýjum raftækjum (tölvur, skjáir og símar), losun vegna innkaupa á matvöru í mötuneyti í höfuðstöðvum EFLU og aksturs starfsfólks til og frá vinnu. Losun tengd þessum þáttum er um 447 tonn, eða um 1,3 tonn/stöðugildi. Þegar tekið er tillit til þessara viðbótarþátta í óbeinni losun EFLU er losun gróðurhúsalofttegunda á hvert stöðugildi um 1,8 tonn CO₂-ígilda, eða samtals um 608 tonn CO₂-ígilda í heildina. Kolefnisspor EFLU með viðbótarþáttum lækkaði um 47% frá árinu á undan, sem var 3,3 tonn CO₂-ígilda á hvert stöðugildi, en það tengist mikilli losun GHL vegna árshátíðar fyrirtækisins erlendis árið 2022.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Áhrif	Losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	Umfang	2015*	2021	2022	2023
BEIN	Akstur bifreiða í rekstri EFLU	1	73	45	37	36
ÓBEIN	Raforka (með upprunaábyrgð)	2	6,8	5,0	5,3	6,0
ÓBEIN	Varmaorka	2	4,2	15,2	12,2	11,0
ÓBEIN	Akstur bílaleigubíla	3	13	4,3	4,3	6,3
ÓBEIN	Akstur starfsm. á eigin vegum	3	63	36	36	39
ÓBEIN	Flug innanlands	3	101	23	35	26
ÓBEIN	Flug erlendis	3	101	11	44	32
ÓBEIN	Urðun og brennsla úrg. og lífrænn úrgangur	3	5,0	6,8	6,0	8,2
Samtals losun GHL, kolefnisspor án bindingar			367	146	180	164
Samtals losun GHL/stöðugildi			1,43	0,47	0,56	0,47
Kolefnisbinding			0	132	168	164
Kolefnisspor að teknu t.t. bindingar			367	0	0	0
Fjöldi stöðugilda EFLU á Íslandi			257	309	322	345
ÓBEIN	Akstur starfsmanna til og frá vinnu	3	137	56	102	126
ÓBEIN	Árshátíðarferð	3			627	
ÓBEIN	Skrifstofutæki	3			47	186
ÓBEIN	Matarinnkaup	3			106	135
Kolefnisspor annarra þátta sem starfsemi EFLU hefur óbein áhrif á					882	447
Samtals losun GHL/stöðugildi					2,7	1,3
Kolefnisbinding					627	12**
Kolefnisspor að teknu tilliti til bindingar					255	435


* Árið 2015 er viðmiðunarár

* Losun raforku felur í sér losun vegna framleiðslu bæði á rafmagni og heitu vatni


** Framleiðendur raftækja kolefnisjafna hluta framleiðslunnar

„Heildarlosun vegna starfsemi EFLU er því um 611 tonn CO₂-ígilda.“






- Bílar í rekstri EFLU
- Akstur starfsmanna á vegum vinnunnar
- Flugferðir erlendis
- Raforka
- Bílaleigubílar
- Flug innanlands
- Urðun úrgangs og brennsla/lífrænn úrgangur til moltugerðar





- Bílar í rekstri EFLU
- Akstur starfsmanna á vegum vinnunnar
- Flugferðir erlendis
- Raforka
- Bílaleigubílar
- Flug innanlands
- Urðun úrgangs og brennsla/lífrænn úrgangur til moltugerðar
- Skrifstofutæki
- Akstur starfsmanna til og frá vinnu
- Matarinnkaup



Losun GHL í rekstri EFLU




Losun GHL í rekstri EFLU



Losun gróðurhúsalofttegunda

	Eining	2021	2022	2023	Eining	2022	2023	Breyting
Raforka								
Rafotkunotkun	kWst	612.756	616.970	701.275	kWst/m ³	61	70	14%
Eldneyti								
Bensín og dísel	lítrar	17.338	14.046	13.635	l/st.gildi	43,6	39,3	-10%
Vatnsorka								
Heitt vatn	m ³	40.278	28.155	25.285	m ³ /m ²	0,93	0,84	-10%
Úrgangur*								
Efni til endurvinnslu/endurnýtingar								
Endurvinnanlegur úrgangur	tonn	6,1	9,2	4,8	kg/st.gildi	38*	14	-63%
Lífrænn úrgangur	tonn	8	8,6	10,1	kg/st.gildi	35*	30	-15%
Steinefni	tonn	15,3	7,5	9,6				
Raftæki	tonn		0,2	0,2				
Efni til orkunýtingar				7,8	kg/st.gildi		23	
Efni til förgunar								
Urðun	tonn	5,7	4,0	1,2	kg/st.gildi	24*	3	-81%
Spilliefni	tonn	0	0,1	0	kg/st.gildi	0	0	
Endurvinnsluhlutfall	%				%	84%*	86%	
Losun GHL								
Kolefnisspor losunar- þátta miðað við loftslagsmarkmið s. 2015	tonn CO ₂ - ígilda	146	180	164	tonn CO ₂ Ígildi/st.gildi	0,47	0,56	0,47
Kolefnisspor annarra þátta sem starfsemin hefur óbein áhrif á	tonn		882	446	tonn CO ₂ Ígildi/st.gildi		2,7	1,3
Kolefnisbinding	CO ₂ - ígilda	146	807	164				
Heildarfjöldi stöðugilda		309	322	346	*Eingöngu stöðugildi höfuðstöðva			
Stöðugildi höfuðstöðva		244	243	257				

Árangur í umhverfismálum í öðrum löndum



Noregur

Hjá EFLU AS í Noregi starfa 43 manns. Notkun pappírs á hvert stöðugildi var 2,53 kg árið 2023, samanborið við 2,12 kg árið 2022. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá akstri árið 2023 var 3,3 tonn CO₂-ígilda. Úrgangur á skrifstofunni er flokkaður í sjö flokka: Lífrænt, almennt sorp, pappa, raftæki, batterí og gler/málm. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna flugferða nam 35,7 tonnum CO₂-ígilda.

Svíþjóð

Hjá EFLU AB í Stokkhólmi í Svíþjóð starfa fjórir einstaklingar. Engir bílar eru í rekstri skrifstofu EFLU AB, starfsmenn notast því við einkabíla, leigubíla og almenningssamgöngur til að nálgast verkstað. Árið 2023 voru samtals eknir 4795 km, af þessum ferðum var í 13% tilfella notast við almenningssamgöngur. 3865 km voru farnir með einkabíl, þar sem 18% bifreiðanna ganga fyrir raforku og aðrar fyrir jarðefnaeldsneyti. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá akstri árið 2023 var 0,71 tonn CO₂-ígilda. Úrgangur á skrifstofunni er flokkaður í níu flokka: Lífrænt, almennt sorp, pappa, plast, pappír, málm, eldfimt efni, glært og litað gler. Fimm flugferðir voru farnar vegna starfseminnar árið 2023, á milli Stokkhólms og Keflavíkur. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna flugferða nam 78,2 tonnum CO₂-ígilda.

Pólland

Í Ispol í Póllandi starfa um 30 einstaklingar. Í starfsstöðvum Ispol er upphitun með gasi og rafmagn kemur úr kolaorku. Ispol rekur fyrirtækjabíla sem notaðir eru í verkefnum tengdum starfseminni, allir ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá akstri þeirra árið 2023 var 31,3 tonn CO₂-ígilda. Notkun pappírs miðað við hvert stöðugildi var 19,3kg/stöðugildi árið 2023. Úrgangur frá starfseminni er flokkaður í pappa, plast, lífrænt, raftækjaúrgang og almennt sorp og var flokkunarhlutfallið 67% árið 2023. Ein flugferð var farin árið 2023, þar sem 29 starfsmenn flugu frá Varsjá til Íslands í tilefni árshátíðar EFLU.

Framlag í þágu Heimsmarkmiða



- Styrkir úr samfélagssjóði



- Styrkir úr samfélagssjóði
- Matargjafir



- Samgöngusamningar
- Íþrótt- og hreyfistyrkir
- Aðstaða til íþróttaiðkunar
- Sturtuaðstaða og geymsluðstaða fyrir hjól
- Vottað stjórnkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað, ISO 45001
- Hollur matur í mötuneyti
- Heilsueflingarvika
- Lífshlaupið
- Hjólað í vinnuna
- Hús og heilsa
- Vinnuvernd
- Heilsueflandi vinnustaður



- Markviss starfsþróun
- Starfsþróunarsamtöl
- Hæft og áhugasamt starfsfólk
- Framlag til háskóla-
menntunar



- Jafnlaunavottun
- Jafnréttisstefna



- Ráðgjöf á fagsviðum
- Fylgst er með vatnsnotkun á starfsstöðvum



- Ráðgjöf í fagteymum
- Notkun 100% endurnýjanlegrar orku til húshitunar og raforku
- Fylgst er með orkunotkun



- Áhersla á sterkan rekstur
- Fyrirmyndarfyrtæki hjá Creditinfo
- Starfsánægja er mæld reglulega
- Arður útgreiddur til hluthafa
- Styrkir úr samfélagssjóði



- Nýsköpun innan allra fagteyma
- Samstarf við háskóla
- Fjölmörg nýsköpunar- og þróunarverkefni
- Virk sókn í innlenda og erlenda rannsóknarsjóði



- Jafnréttisstefna
- Jafnlaunavottun ÍST 85:2012



- Ráðgjöf í fagteymum
- Unnið að BREEAM in USE vottun höfuðstöðva
- Samgöngusamningar við starfsmenn



- Áhersla á vistvæna hönnun, þ.m.t. til að minnka notkun efnis og orku
- Ábyrg innkaup
- Fylgst er með rafmagns- og vatnsnotkun
- Loftslagsmarkmið
- Vottuð umhverfisstjórnun skv. ISO 14001



- Áhersla í stefnumótun á umhverfissvænar lausnir sem styðja raunhæfa samfélagsþróun
- Ráðgjöf í fagteymum
- Loftslagsmarkmið
- Samstarf við utanaðkomandi aðila vegna kol-efnisjöfnunar



- Afgerandi forysta í lausnum sem hafa jákvæð umhverfisáhrif
- Starfað er eftir vottaðri umhverfisstjórnun skv. ISO 14001



- Afgerandi forysta í lausnum sem hafa jákvæð umhverfisáhrif
- Samstarf við utanaðkomandi aðila vegna kol-efnisjöfnunar
- Starfað er eftir vottaðri umhverfisstjórnun skv. ISO 14001



- Mannauðsstefna
- Jafnréttisstefna
- Stefna gegn einelti og áreitni
- Reglur um upplýsingaöryggi
- Reglur um vernd persónuupplýsinga



- Aðili að Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð
- Aðili að Nordic Built

UFS Samfélags- uppgjör

Umhverfi (E)

Breytur	Eining	2023
E1 – Losun gróðurhúsalofttegunda		
^a Umfang 1	tCO ₂	36
^a Umfang 2	tCO ₂	17
^a Umfang 3	tCO ₂	497
E2 – Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda		
^a Losun gróðurhúsalofttegunda á hvern starfsmann	tCO ₂ /starfsmann	1,59
^a Heildarlosun lofttegunda annarra en gróðurhúsalofttegunda	Á ekki við.	
E3 – Orkunotkun		
^a Bein orkunotkun	MWst	147
^a Óbein orkunotkun	MWst	2206
E4 – Orkukræfni		
^a Bein heildarorkunotkun á fermetra	kWst/m ²	70
E5 – Samsetning orku		
^a Endurnýjanleg orka	%	98
^a Önnur orka	%	2
E6 – Vatnsnotkun		
^a Heildar vatnsnotkun	m ³	48.307
^a Heildarmagn af vatni sem er endurheimt	%	0%
E7 – Umhverfisstarfsemi		
^a Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu?	Já/Nei	Já
^a Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu?	Já/Nei	Já
^a Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	Já/Nei	Já
E8 – Loftslagseftirlit / stjórn		
^a Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei
E9 – Loftslagseftirlit / stjórnendur		
^a Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei
E10 – Mildun loftslagsáhættu		
^a Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	ISK	0

Félagslegir þættir (S)

Breytur	Eining	2023
S1 – Launahlutfall forstjóra		
Laun framkvæmdastjóra í hlutfalli við miðgildi launa	%	2,8
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?		Nei
S2 – Launamunur kynja		
Miðgildi launagreiðslna karla í hlutfalli við miðgildi launagreiðslna kvenna	%	1,3
S3 – Starfsmannavelta		
Árleg breyting starfsfólks í fullu starfi	%	12,58
Árleg breyting starfsfólks í hluta starfi	%	
Árleg breyting verktaka og ráðgjafa	%	
S4 – Kynjafjölbreytni		
Kynjahlutfall innan fyrirtækisins, í prósentum		
Karlar	%	63%
Konur	%	37%
Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan, í prósentum		
Karlar	%	54%
Konur	%	46%
Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar, í prósentum		
Karlar	%	67%
Konur	%	33%
S5 – Hlutfall tímabundinna starfskrafta		
Prósenta starfsfólks í hlutastarfi		
Prósenta þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf		
S6 – Aðgerðir gegn mismunun		
Fylgir félagið stefnu gegn kynferðislegri áreitni og/eða mismunun?	Já/Nei	Já
S7 – Vinnuslysatiðni		
Tíðni öryggistengdra atvika	Fjöldi/1 milljón vinnustundir	0
S8 – Hnatræn heilsa og öryggi		
Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnatrænni stefnu um heilsu og öryggi?	Já/Nei	Já
S9 – Barna- og nauðungarvinna		
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	Já/Nei	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	Nei
S10 – Mannréttindi		
Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	Já/Nei	Já
Ef já, nær mannréttindastefnan einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	Nei

Stjórnarhættir (G)

Breytur	Eining	2023
G1 - Kynjahlutfall í stjórn		
^a Hlutfall kvenna í stjórn	%	40
^a Hlutfall kvenna í formennsku nefnda	%	60
G2 - Óhæði stjórnar		
^a Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	Já/Nei	Já
^a Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	0
G3 - Kaupaukar		
^a Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	Já/Nei	Nei
G4 - Kjarasamningar		
^a Hlutfall starfsfólks fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	100
G5 – Siðareglur birgja		
^a Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?	Já/Nei	Nei
^a Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum, í prósentum?		
G6 - Siðferði og aðgerðir gegn spillingu		
^a Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	Já/Nei	Já
^a Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafis þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	%	0%
G7 - Persónuvernd		
^a Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?	Já/Nei	Já
^a Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	Já/Nei	Já
G8 - Sjálfbærnisráðsla		
^a Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærnisráðslu?	Já/Nei	Já
^a Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/Nei	Já
G9 - Starfsvenjur við upplýsingagjöf		
^a Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	Já/Nei	Já
^a Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	Já/Nei	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða?	Já/Nei	Já
G10 - Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila		
^a Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila?	Já/Nei	Nei

Lokaorð



Í þessari samfélagsskýrslu hefur verið leitast við að taka saman á einum stað helstu áherslur fyrirtækisins varðandi samfélagslega ábyrgð og sýna fram á hvernig þessi ábyrgð endurspeglast í verkum, stefnu og framtíðarsýn EFLU. Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni geta aldrei verið sjálfstæðir eða óháðir hlutar í starfsemi fyrirtækis heldur eru þeir samofnir eðlilegum og heilbrigðum rekstri. Eins eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna tengd inn í rekstur fyrirtækisins og eru m.a. höfð að leiðarljósi við stefnumörkun EFLU.

www.efla.is

